

| tíska | tíðarandinn | viðtöl | heilsa | leiklist | börn | pistlar | matur | stjörnuspa |

**birta**  
engin tilviljun



SÚPERMANN

» Vinsælasta ofurhetja allra tíma

PENETREITOR

» Umbúðalaust og hrátt leikhús

TÍSKA

» Leggings

**SIGRÍÐUR  
ARNARDÓTTIR**

» *Trúir á örlögin*

**SJÓNVARPSDAGSKRÁIN**  
14. júlí - 20. júlí

L' O R

---

# Color Riche

Kynnir línuna

## Star Secrets

4 leyndardómsfullir, frábærir litir afhjúpa einstaka persónutöfra.

Einstaklega þægilegur varalitur.  
Frábærir E-vítamínbættir litir.


Eva Longoria sést hér með Color Riche Star Secrets caramel nr. 704

# É A L


## Eva Longoria

„Ég elska þennan lit, Caramel, með kopargljáa sem fellur vel að möttu litarhafti mínu. Ég hef Color Riche Star Secrets alltaf með mér jafnt daga sem kvöld.“

Því þú átt það skilið!



L'ORÉAL  
PARIS



Dell Latitude D520

# TÖLVAN SEM VAKIR MIKLU LENGUR EN ÞÚ!

Hin afkastamikla **Dell Latitude D520** er búin geysiöflugum rafhlöðum. Svo er hún á góðu verði, með frábærum skjá, snilldardrifum, þráðlausu netkorti og öllu sem þú þarft í skólann. Í stuttu máli þá gerir **Dell Latitude D520** allt fyrir þig – nema að læra heimal!



VERÐ Á MÁNUÐI  
FRÁ KR.

**3.461\***

\*M.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán. Fullt verð frá kr. 99.900

▶ Skoðaðu úrvalið á [www.ejs.is](http://www.ejs.is)

**DELL**


Það er til lausn á öllu

Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

**EJS**   
[www.ejs.is](http://www.ejs.is)



18



26



24



36

### Þetta helst

- 7 Ræktaðu ræturnar
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tríðarandi
- 10 Brennsla Egils Hübner
- 12 Raggi Bjarna:  
Auðvitað var beðið eftir sjómönnum

### Greinar og viðtöl

- 14 Penetreitor:  
Umbúðalaust og hrátt leikhús
- 15 Sigríður Arnardóttir:  
Trúir á örlogin
- 26 Súpermann:  
Vinsælasta ofurhetja allra tíma

### Hann/hún

- 30 Klassík í ferðalagið
- 28 Gammosíur: Buxur níunda áratugarins
- 32 Skórnir sem eru alltaf í tísku
- 34 Emíla Örlygsdóttir elur upp
- 34 Þuð og tuð í flugi
- 36 Quart tónlistarhátiðin
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjörnuþá
- 42 Hvað eru þær þungar?
- 44 Hugsaðu vel um húðina
- 46 Góð lykt úr góðum munni

### Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

# Verður þú tilbúinn eftir sumarið?

"Ekkí eingöngu les ég hraðar.  
Ég les með ...margfalt meiri skilning."

Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.

"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í  
læknadeild í vor."

Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.

"...Núna er mér fyrst að takast að sjá fram á að klára  
lesefni vikunnar sem ég taldi áður ómögulegt."

Elva Dögg, 20 ára Hjúkrunarnemi.

"...Þetta námskeið var vonum framar og ætti að vera  
skylda fyrir alla! Námskeiðið eykur lestrarhæfni á öllum  
sviðum..."

Haraldur Haraldsson, 18 ára nemi.

## Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt,  
krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting,  
jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi,  
árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

## Nýttu sumarið til góðra verka og náðu árangri hjá okkur Sumarnámskeið Hraðlestrarskólans

...næsta 6 vikna námskeið hefst **9. ágúst**

...næsta 3 vikna hraðnámskeið **14. ágúst**

Allar upplýsingar á [www.h.is](http://www.h.is)



**HRAÐLESTRARSKÓLINN**

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Texti: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR  
Myndir: ÚR EINKASAFNI



## Ræktadu ræturnar

Þú velur þér ekki ættingja. Það kemur kannski bersýnilegast í ljós þegar komið er saman á ættarmóti þar sem saman safnast fólk á öllum aldri, úr öllum stigum þjóðfélagsins og með mismunandi áhugamál. Þetta er ekki fólkið sem þú myndir kalla vini þína, en á einhvern hátt tilheyrir þú þessum ósamstæða hópi sem hittist aldrei nema í mesta lagi á fimm ára fresti og í jarðarförum.

Sumarið er tími ættarmótanna, þar koma saman niðjar hjóna sem þeir yngstu hafa löngu gleymt, já eða aldrei heyrt um. En til þess er jú leikurinn gerður. Ættingjar koma saman, rifja upp

gamlar sögur af pabba og mömmu, afa og ömmu og fleiri forfeðrum. Yngri kynslóðin fær nasaþef af því að í gamla daga snerist lífið ekki bara um brauðstrit heldur var það jafn skemmtilegt þá og það er nú og jafnvel í marga staði betra. Fólk lyfti sér upp, fór á böll og gerði gys og prakkarastrik alveg eins og nú.

Á ættarmótum fær maður þessa tilfinningu að heyra til einhvers. Það þekkjja þeir sem fara utan að það er gott til þess að hugsa að heima á Fróni sé stór hópur fólks sem telji þig frænda eða frænku sína og það muni aldrei breytast. Það er því til mikils að vinna að rækta ræturnar.

heitt & kalt |

Heitt

Volgt

Hvorki heitt né kalt

Við stofuhita

Ískalt

**FRANSKIR KOSSAR**, góð leið til að fagna Þjóðhátíðardegi Frakka.

**ÆTTARMÓT**, spara manni heimsóknir til leiðinlegra skyldmenna.

**TÍVOLIÐ Í SMÁRALIND** Vinsælt þótt maður velti því fyrir sér hverjum hafi dottið í hug að reisa tívoli á bílastæði?

**HEIMSMEISTARAKEPPNIN Í FÓTBOLTA** Pakkið niður sportsokkunum, ballið er búið.

**GÆLUDÝRAEIGENDUR** sem lóga dýrunum sínum til að komast í sumafrí. Hvernig væri að fá sér bara tuskudýr?

Sólarlandaferðir » Sól í kroppinn

Íslenska sumarið er stutt og sólin skín ekki alla daga. Margir freistast því til þess að panta sér ferðir til sólarlanda í sumarfriinu. Hver fjölskyldan á fætur annari er á leið út í sólina þessa dagana. Margir leikskólar eru komnir í sumarfri og þá grípa foreldrarnir tækifærið og skella sér á ströndina með barnaskarann.

Spánn, Kanaríeyjar og Portúgal eru alltaf vinsælir áfangastaðir en á hverju ári bætast ný tískutrend í hópinn. Einu sinni var það Krít, því næst Króatía og loks Tyrkland. Í ár þykir enginn maður með mönnum nema hann kiki til Búlgaríu, þar er sólin sleikt í tvær vikur, farið út að borða, skroppið í sundleikjagarð og síðan aftur heim á klakann til að taka á móti Visa-reikningnum.



**Gult gult gult » Tískuliturinn í sumar**

Guli liturinn er þekktur fyrir að klæða ekki alla. Þetta er erfiður litur að klæðast en með réttum tón og sniði getur hann gert mjög mikið fyrir vöxtinn og húðlitinn. Nú er um að gera að prófa sig áfram því gulur er aðalliturinn í sumar. Og ekki bara gulur bolur eða gul taska. Nei - nefnilega gult frá toppi til táar.

Stjórnurnar fara ekki varhluta af þessari tísku og var Victoria Beckham í sýrugulum Roberto Cavalli kjól í partiinu fyrir HM, Kate Moss klæddist fölgulum Stella McCartney kjól í partíi hjá Elton John nýlega og eins og sést hér á myndinni tekur leikkonan Anne Hathaway sig sérlega vel út í skærgulum kjól.

Það gengur bæði að klæðast gulu við fínar veislur og hversdagslegar athafnir. Sem sagt - gult alla daga!


Sumarbækurnar » **Hressileg sumarlesning**

Á sumrin fyllast bókahillurnar af alls kyns léttmeti. Sumarsmellirnir þetta sumarið eru án efa bækurnar Franskar konur fitna ekki og Hann er ekki nógu skotinn í þér. Skemmtilegar og léttar bækur sem gaman er að grípa með sér í sumarfrið.

Þjóðhátíðardagur Frakka » Í gegnum súrt og sætt

Þjóðhátíðardagur Frakka, 14. júlí, er runninn upp. Mikil bjartsýni og gleði hefur ríkt í landinu síðustu vikur, allt þar til 9. júlí að þeir misstu heimsmeistaratitilinn í hendur Ítala. Enn fremur brást Þjóðarhetja þeirra, Zidane, og víta nú margir ekki hvers þeir eiga að líta upp til. Frakkland mun þó aldrei tapa sérstöðu sinni eins og hljómfögru málinu, gómsætum ostum og víni og allri þeirri rómantik sem í loftinu leikur.





**ÚTSALAN HAFIN**

**40% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM VÖRUM**

**NEXT**

**KRINGLUNNI**





**brennslan mín ...**  
Egill Hübner tónlistarmaður

## Mest í rokkinu

Egill Hübner er duglegur við að finna eitthvað nýtt að hlusta á. „Ég fylgist vel með á netinu en er mest í rokkinu. Ég er annars nokkurn veginn alæta á tónlist,“ segir Egill sem er meðlimur í hljómsveitinni Celiene. „Við spilum póst-hardcore en annars er ég ekki mikið fyrir að setja hljómsveitin í dálka. Hljómsveitin hefur verið starfandi hátt í tíu ár en með löngum hléum. Við erum samt alltaf að semja öðru hvoru,“ segir Egill og bætir við að sveitina sárvanti trommara.


- |               |   |
|---------------|---|
| <b>LAG 1</b>  | <b>Camille - Pále Septembre.</b> Vinur minn benti mér á þessa frönsku söngkonu. Henni verður varla lýst með orðum.  |
| <b>LAG 2</b>  | <b>Pretty Girls Make Graves - The Get A Way.</b> Magnað stelpu-popp-pónk frá Seattle. Mér hefur alltaf fundist samspil gítarleikaranna alveg magnað.  |
| <b>LAG 3</b>  | <b>Mew - Snow Brigade.</b> Dönsku poppsnillingarnir í Mew. Ég kollféll fyrir þessu bandi eftir að hafa heyrt lagið „Special“ í fyrra.   |
| <b>LAG 4</b>  | <b>Circa Survive - Act Apalled.</b> Minn uppáhalds söngvari, Anthony Green fór aftur á heimaslóðir eftir að hafa slegið í gegn með hljómsveitinni Saosin og stofnaði þetta frábæra band.  |
| <b>LAG 5</b>  | <b>The Fall of Troy - I Just Got This Symphony Goin'.</b> Það er ekki oft sem hljóðfæraleikarar geta sýnt hvað þeir eru flinkir án þess að það skaði tónlistina en þessir þrír ungu strákar fara létt með það.                              |
| <b>LAG 6</b>  | <b>Thursday - The Lovesong Writer.</b> Ég hef lengi verið aðdáandi Thursday. Þetta er rosalega flott lag og texti í stíl. Algjört gæsa-húðarlag!  |
| <b>LAG 7</b>  | <b>Thrice - For Miles.</b> Epískt og algjörlega magnað.   |
| <b>LAG 8</b>  | <b>Poison The Well - The Realist.</b> Ég er nýbyrjaður að hlusta á þetta band, hafði vitað af því lengi en aldrei gefið því séns en það er í lagi því nýjasta platan sú langbesta hingað til.   |
| <b>LAG 9</b>  | <b>Every Time I Die - Kill the Music.</b> Ég fór á tónleika með þeim í fyrra. Ég fer all of sjaldan á tónleika með böndum sem ég fíla og gleymi þess vegna þeim tónleikum seint. Söngvari My Chemical Romance syngur með þeim í þessu lagi. |
| <b>LAG 10</b> | <b>He Is Legend - I Am Hollywood.</b> Snilldarband frá Norður-Karólínu sem nær að blanda saman mjög melódísku rokki við ofboðslega þungt rokk án þess að verða vandræðalegt. Þetta lag er rosalegt!   |

HEIMAVÖRN SECURITAS




## » birta mælir með ...

... **AMERICAN V: A HUNDRED HIGHWAYS** með Johnny Cash heitnum. Fimmta platan frá svartklædda manninum, eins og hann er oftast kallaður, og talin af mörgum sú besta í American-seríunni hans. Eins og aðrar plötur í seríunni er hún framleidd af Rick Rubin og var platan tekin upp á því fjögurra mánaða tímabili sem leið á milli dauða June Carter, konu Cash, og Cash sjálfs árið 2003. Eins og fyrr tekur Cash fræg lög eftir aðra og setur þau í sinn búning með hrárrí rödd og dökkum húmor ef svo má segja. Einnig er síðasta lagið sem Cash samdi áður en hann dó á plötunni, „Like the 309,“. Vægast sagt frábær plata og lög sem standa upp úr eru God’s Gonna Cut You Down, Rose of My Heart og If You Could Read My Mind. Algjört eyrnakonfekt!



... **KAFFITERTU FRÁ MOSFELLSBAKARÍ** með mokka-kremi, súkkulaði og hnetum. Nammi nammi ... Dásamlega mjúk og ljúffeng kaka sem ætti að koma hvaða fylupúka sem er í gott skap.

... **EINARI ÁSKELI OG STRÍÐSPABBANUM.** Þetta er ný og skemmtileg bók um Einar Áskel sem er flestum íslenskum börnum að góðu kunnur. Í sögunni er sagt frá vini Einars, Hamdi, sem á pabba sem hefur barist í alvöru stríði. Hugljúf saga sem sýnir börnunum nýja hlið á stríðinu úti í heimi í gegnum lifandi texta Gunilla Bergström og frábærlega skemmtilegar myndir.



## Fljótandi í loftinu

**NÝTT**

Dreymir ekki alla um að fljúga í lausu lofti, frjáls eins og fuglinn? Hvernig væri þá að sofa í lausu lofti? Það er hægt að komast ansi nálægt því á nýja segulstálrúminu.

Þetta er eitt af því flottasta í hönnunarbransanum um þessar mundir en rúmið er hannað af Hollendingnum Janjaap Ruijsenaars. Það er hlaðið nógu mörgum segulstálum til að halda níu hundruð kíóum uppi, fljótandi í loftinu. Svo að rúmið fljóti ekki í burtu á meðan maður sefur er það fest við veggina á fjórum stöðum.



Rúmið er falt þótt það sé ekki beint hægt að stökva út í Rúmfatalager og kaupa það. Rúmið kostar 1,53 milljónir dollara og hægt er að forvitnast meira um það á heimasíðunni [www.nieuwerevu.nl/media/nieuws/2006-06-27-bed.html](http://www.nieuwerevu.nl/media/nieuws/2006-06-27-bed.html).



ÚTSALAN ER HAFIN  
40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

**NOA<sup>®</sup>**  
**NOA**

Kringlan - 553 3536

# AUÐVITAÐ VAR BEÐIÐ EFTIR SJÓMÖNNUNUM

Raggi Bjarna er vel sjóaður sem söngvari. Rómantísk rödd hans hefur yljáð þjóðinni í meira en hálfa öld og ekkert lát er á því. Nú hefur hann sungið öll gömlu góðu sjómannaöggin inn á disk. Sá heitir einmitt Vel sjóaður.

Texti: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR

Mynd: VILHELM

Ég er nú ekki einn á ferð á þessum disk. Helena Eyjólfss og Þorvaldur Halldórsson komu til liðs við mig og svo er ég með gamla upptöku með minni ágætu vinkonu Ellýju Vilhjálmss sem lést langt fyrir aldur fram. Það lag heitir Sumarauki en er betur þekkt sem Gullfoss með glæstum brag, enda held ég það hafi verið eitt af fyrstu auglýsingalöggunum. Það var notað til að auglýsa Gullfossferðir í september. Sigfús Halldórsson bjó það til og Guðjón Halldórsson bróðir hans orti textann. Svo var Sigfús skemmtikraftur á skipinu.

SÖNGST ÞÚ ALDREI Í GULLFOSSI?

Jú, jú, Ég fór nokkrar ferðir til Danmerkur með Gullfossi og söng um borð.

EN VARSTU EINHVERNTÍMA SJÓMAÐUR?

Nei, ég hef bara verið í tónlistinni. Byrjaði sem trommari í hljómsveitinni hjá pabba, Bjarna Böðvarssyni, sem ferðaðist um og spilaði á böllum út um land. Þar kynntist ég síldarævintýrinu og öllu sem því fylgdi. Þannig að ég þekkti sjómennina í landi og söng fyrir þá.

EN HVÆÐ KOM TIL AÐ ÞÚ FÓRST AÐ RIFJA UPP ÞESSI GÖMLU LÖG NÚNA?

Ég fékk bara þessa hugmynd. Sjómennirnir hafa skapað gjaldeyrirstekjur þjóðarinnar og við stöndum öll í þakkarskuld við þá. Mig langaði að minnast þess tímabils þegar andinn í þjóðfélaginu var þannig að þeir voru hetjurnar okkar og lög eins og Sjippohoj og Vertu sæl mey féllu algerlega í kramið. Ég fékk reyndar líka skammir fyrir að syngja um sjómannslífið eins og það væri eintómt ævintýri. Textarnir gerðu starfið vissulega rómantískt. Því fylgdi söknuður bæði hjá sjómönnunum sjálfum og fjölskyldum og unnustunum sem urðu eftir í landi. Enda var mikið um ástar- og saknaðar-

kvæðjur í Sjómannaþættinum í útvarpinu. Þar voru þessi lög spiluð óspart og öll þjóðin hlustaði. Auðvitað eru íslenskir sjómenn enn hetjur hafsins en tímarnir hafa breyst og aðbúnaður þeirra hefur batnað sem betur fer.

ÞÚ ERT ENN AÐ SYNGJA Á SKEMMTISTÖÐUM, ER ÞAÐ EKKI?

Jú, jú. Við Þorgeir Ástvalds dúkkum upp hér og þar, tókum lagið og segjum sögur. Þetta er samt ekki alveg eins og í Sumargleðinni í gamla daga. Þá fórum við fimmtán sumur í röð að skemmta hringinn í kringum landið. Lögðum af stað í júní og vorum að fram undir jól. Fólki stóð í neyju að ná sér í miða á Sumargleðina!

VAR KOMIÐ VIÐ Í HVERJUM FIRÐI OG HVERJU FÉLAGSHEIMILI?

Já, já. Einu sinni vorum við að keyra Vaðlaheiðina, horfðum út á fjörðinn og einhver sagði: „Af hverju fórum við aldrei til Hríseyjar?“ og svo var siglt út í Hrísey. Það var voðalega gaman að koma þangað. Við vorum sóttir á traktor niður á bryggju og boðið í mat í heimahúsi. Svo var skemmt í samkomuhúsinu og það kom hver einasta hræða sem í eyjinni var. Konur með hvítvoðunga á brjósti og allt upp í örvasa gamalmenni. Á Hnífsdal vorum við einu sinni að byrja að skemmta klukkan níu - þá var alltaf byrjað níu. En útgerðarmaður kom á harða hlaupum og bað okkur að biða því einn af stóru bátunum væri að sigla inn og áhöfnin ætlaði öll að mæta. Auðvitað var beðið eftir sjómönnunum.





## Fullkomin gæði og þægindi

í heitum nuddpotti frá MASTER SPAS®

**Master Spas** nuddpottarnir eru sérhannaðir til að taka á öllum líkamanum frá hálsi og niður í tær. Nuddstútar eru í mismunandi útfærslum og eru hannaðir til að gefa kraftmikið nudd á rétta staði á líkamanum. Master Spas gefur góða meðferð, eykur blóðstreymi, losar um vöðvabólgu og streitu. Master Spas nuddpottarnir eru hlaðnir búnaði og þægindum. Margar stærðir og gerðir, frá 3 - 4 manna upp í 8 manna. **Besta verðið?**



**LSX 700**  
214 x 214 x 92 cm



**LS 700**  
214 x 214 x 92 cm



**Exeter SE**  
214 x 214 x 92 cm

Nuddstútar fyrir  
Háls, Herðar  
og Axlar



Master Spas LS 750FST hlaut  
viðurkenninguna "Best Buy"  
Þessi frábæri nuddpottur er með  
15" flatskjá, DVD / CD spilara,  
útvarpi og hljómkerfi.



4 Prepa ECO PUR  
hreinsikerfi sem er  
samsett af, Forsíu  
Stórri Hreinsisíu,  
smásíu og Ozon.



**LS 750 FST**  
214 x 214 x 92 cm



**OFNASMIÐJA  
REYKJAVÍKUR**

Vagnhöfða 11 110 Reykjavík

☎ 577 5177 fax. 577 5178

[www.ofnasmidja.is](http://www.ofnasmidja.is)



## Umbúðalaust & hrátt leikhús

Leikhúpurinn „Vér morðingjar“ samanstendur af leikurunum Stefáni Halli Stefánssyni, Jörundi Ragnarssyni og Vignir Rafni Valþórssyni. Síðastliðinn þriðjudag tóku þeir upp sýningar á verkinu „Penetreitor“ undir stjórn Kristínar Eysteinsdóttur, en sýningin átti mikilli velgengni að fagna síðasta sumar og komust færri að en vildu.

Texti: ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR Myndir: HEIÐA

„Þegar við höfum leit að verki stefndum við að því að finna eitthvað sem okkur sjálfa myndi langa til að sjá og sem myndi höfða til fólks sem fer annars sjaldan í leikhús eða hreinlega leiðist á leiksýningum. Þessi sýning heldur fólki vakandi og margir sem almennt fíla ekki leikhús hafa gengið sáttir út af þessari sýningu. Raunveruleikaþættir og bíómyndir hafa náð að veikja leikhúsið svolítið og það hefur kannski ekki lengur eins mikil áhrif á fólk. Því er svarað með því að ganga lengra í leikhúsinu og við náum að hafa áhrif með því að

skvetta ísköldum veruleikanum í andlitid á áhorfendum,“ segir Vignir.

### ÁGÓÐINN RENNUR Í STYRKARSJÓÐ HUGARAFLS

„Penetreitor“ fjallar um þrjá vini og eina kvöldstund sem kollvarpar lífi þeirra og ýmis leyndarmál komast upp á yfirborðið. Einn vinanna er geðveikur og fjallar verkið um hugarheim hans og viðbrögð félaganna við gjörðum hans.

„Fyrst þegar við lásum verkið keyptum við ekki alveg geðveikina og okkur fannst þetta vera allt of ýkt mynd. Síðan fórum

við í samstarf við Hugarafll, sem er félags- skapur fólks með geðræn vandamál, og við komumst að því að það eru margir sem eiga við miklu erfiðari vandamál að stríða. Þau sögðu okkur sögur af sjálfum sér sem hjálpuðu okkur að skilja veruleika þeirra og vandamál. Við græddum ótrúlega mikið á þessari samvinnu, ábendingum þeirra og leiðsögn, og núna viljum við skila einhverju tilbaka. Því mun allur ágóði af þessari sýningu renna í styrktarsjóð Hugaraflls sem mun gefa unga fólkinu tækifæri til að gera eitthvað skapandi og uppbyggilegt,“ segir Stefán Hallur.

sykurlaus

# Blunkkur Minnus

ÚT  
UM ALLT  
Í ALLT  
SUMAR!



Kjöris

sykurlaus

„Þeim hjá Hugarafli fannst líka gott að geta miðlað áfram sínum vandamálum og haft mögulega einhver áhrif með því. Það er betra ef veikindin hafa einhvern tilgang og rödd þeirra fær að heyrast í tengslum við málefni sem þau þekkja best allra,“ bætir Kristín við.

#### ÖGRANDI FYRIR LEIKARA OG ÁHORFENDUR

Verkið fjallar ekki eingöngu um geðveiki heldur líka vináttu, karlmennsku, einelti og þykjustuheiminn sem á það til að hrynja. „Allir vinirnir eru í bölvuðum vandræðum með sjálfa sig enda er ekki auðvelt að vera karlmaður í dag með öllum þeim kröfum sem gerðar eru á hlutverkið. Enginn af þeim horfist í augu við sjálfan sig, langanir sínar og tilfinningar heldur eru þeir fastir í stöðluðum hlutverkum. Bæði sem samfélagið hefur gefið þeim en líka innan vinnuhópsins,“ segir Jörundur en hann leikur þessa dagana í Footloose og segir ekki hægt að bera þessi tvö hlutverk sín saman - svo ólík eru þau. „Penetreitor tekur mun meira á tilfinningalega þar sem við erum bara þrír á sviðinu allan tímann í mikilli nálægð við áhorfendur. Það er svo algjörlega undir manni sjálfum komið að halda sambandi við áhorfendurna og ná trausti þeirra. Þeim má ekki líða illa inni í leikhúsinu en verða samt að lifa sig inn í spennuna, hættuna og geðveikina. Þetta er eins og að vera í draugalest. Þú treystir því að ekkert komi fyrir þig en ert samt skíthræddur,“ segir Jörundur.

#### NÝ KYNSLÓÐ - NÝ GRASRÓT

Leikritið er sýnt í hráu húsnæði sjóminjasafnsins að Grandagörðum þar sem rúmlega fimmtíu áhorfendur komast að hverju sinni. Ástæðan er einföld - verkið er umbúðalaust og raunsæisstefnan er ofar öllu. „Nálægðin er fyrir áhorfendur til að



#### PENETREITOR

Sýnt í Sjóminjasafninu, Grandagörðum 8  
Miðapantanir í síma 699-0913  
eða í gegnum tölvupóst:  
ver.mordingjar@hotmail.com  
Miðaverð: 2000 krónur. Allur ágóði  
rennur til styrktarsjóðs Hugarafis.  
[www.vermordingjar.blogspot.com](http://www.vermordingjar.blogspot.com)



þeir skynji verkið betur en líka fyrir leikarana. Þeir geta leyft sér mun dempaðri leik sem minnir frekar á kvikmyndaleik en sviðsleik. Þeir þurfa ekki að leika eins mikið út eða tala rosalega hátt. Þannig að áhorfendur upplifa það að þeir séu, hér og nú, staddir inni á heimilinu að upplifa geðsýki og hvernig hún snýr öllu á hvolf í vinnuhópnum,“ segir Kristín. Þetta svokallaða „in your face“-form virðist loksins vera að ná til íslensks leikhúss en það hefur lengi blómstrað í leikhúshæiminum erlendis. „Þetta eru rosalega kraftmikil verk og það er kannski ekki mikil heimspeki í þeim. Það er frekar verið að sýna hlutina eins og þeir eru í staðinn fyrir að velta vöngum. Í okkar tilfelli troðum

við áhorfendur inn í rammann. Eins og þegar maður stendur alveg ofan í málverki og horfir lengi og upplifir eins og maður sé á staðnum,“ segir Stefán Hallur og bætir við að þó að grasrótin hafi alltaf verið til í íslensku leikhúslífi sé nú ný kynslóð að skapa sér sérstöðu. Hin nýja kynslóð er að byrja með sína eigin grasrót enda er misjafnt hvað hver kynslóð hefur að segja. „Já, við erum samt ekki beint að segja. „Já, við erum samt ekki beint að mótmæla neinu með verkinu,“ segir Vignir, „enda hverju eigum við svo sem að mótmæla? Okkur skortir ekki neitt og við höfum tækifæri til að gera hvað sem er. Þá er bara að sletta raunveruleikanum upp á borðið - sama hversu erfiður eða ljótur hann er.“

Bókanir: 444 4000  
hoteledda@hoteledda.is



ML Laugarvatn  
444 4810

ÍKÍ Laugarvatn  
444 4820

Skógar  
444 4830

Vík í Mýrdal  
444 4840

Nesjaskóli  
444 4850

Neskaupstaður  
444 4860

Egilsstaðir  
444 4880

Eiðar  
444 4870

Vopnafjörður  
473 1840

Stórutjarnir  
444 4890

Akureyri  
444 4900

Laugarbakki  
444 4920

Ísafjörður  
444 4960

Laugar í Sælingsdal  
444 4930

Hellissandur  
444 4940

*Út í náttúruna  
út í gersemar landsins*

*Hótel Edda - Allan hringinn*



[www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is)

# TRÚIR Á ÖRLÖGIN

Sigríður Arnardóttir á langan feril að baki sem fjölmiðlakona. Hún hefur nú gengið til liðs við Stöð 2 og NFS, þar sem hún mun stýra morgunsjónvarpi, auk þess sem hún er umsjónarmaður sjónvarpsþáttarins Örlagadagurinn.

Sólin teygir sig inn um gluggann þegar Sigríður Arnardóttir fjölmiðlakona gengur inn á veitingahúsið B5 í Bankastræti. Sirrý eins og hún er gjarnan kölluð er glæsileg kona og það er greinilegt við fyrstu sýn að útgeislun hennar er mikil. Eftir að hafa pantað okkur sitthvoran kaffibollann spjöllum við saman í stutta stund áður en eiginlegt viðtal hefst, vafalaust hefur Sirrý oftast verið í hlutverki spyrls en í þetta skipti er hún hinum megin við borðið.

## ÖRLAGADAGURINN FYRIR 20 ÁRUM

Sirrý á tuttugu ára feril að baki í fjölmiðlum og hefur birst landsmönnum í útvarpi, blöðum og sjónvarpi. Hvernig kom það til að hún fór á sínum tíma að vinna í fjölmiðlum? „Það var nú bara minn örlagadagur,“ segir Sirrý ákveðin. „Ég sat bara í kaffi hjá vinafólki þegar Óskar Guðmundsson, stjúpabbi eins í hópnum, gerði mér atvinnutilboð um að vera sumarblaðamaður á Þjóðviljanum. Ég bara sló til,“ segir hún. „Það var gaman að vera blaðamaður á litlu blaði því þá var maður í öllu, mér fannst þetta eiga virkilega vel við mig og eftir það var ekki aftur snúið. Á þeim tíma hélt ég að það væri skemmtilegast af öllu að vinna á blaði, svo fór ég að vinna í útvarpi og þá fannst mér það skemmtilegast í heimi,“ segir hún hlajandi. Að loknu háskólanámi fór Sirrý, sem er menntaður félagsfræðingur, að starfa hjá Ríkisútvarpinu. „Ég var fastráðin hjá RÚV í fjöldamörg ár, var lengi á Rás 1 og síðan var ég ritstjóri dægurmálaútvarps Rásar 2. Jafnframt vann ég fyrir Sjónvarpið, þá fannst mér sjónvarpsvinnan það allra skemmtilegasta í heiminum. Á RÚV var ég sjónvarpsþula í aukavinnu með útvarpsstarfinu auk þess sem ég vann að þáttagerð, til dæmis var ég með þættina Í sannleika sagt og Fólkið í landinu.“

## EKKI BARA TILVILJANIR

Dag einn fék Sirrý tilboð um að vera ritstjóri hjá tímaritaútgáfunni Fróði og tók hún því. Eftir nokkurra ára starf var henni síðan boðið að stjórna eigin spjallþætti á Skjá Einum og þátturinn Fólki með Sirrý fór í loftið árið 2000.

„Ég hef fengið svona upphringingar í gegnum starfsferilinn og þannig hef ég tekist á við ný verkefni.“ Blaðamaður spyr þá hvort hún hafi ekki hálfpartinn þvalst til á milli starfa í gegnum tíðina. „Nei veistu, ég held að þetta sé eitthvað svoltið flottara og flóknara en það. Ég trúir því að þegar maður er tilbúinn þá sendi maður frá sér

*„Yfirleitt vel ég þó fólk sem er búið að finna leið til þess að bæta líf sitt og er ekki lengur með sárið opit. Það er akkúrat það sem mér finnst svo áhugavert að fjalla um.“*

ákveðna straua, ég trúir því að við opnum fyrir eitthvað innra með okkur. Það er engin tilviljun að ég er að fara að stjórna morgunsjónvarpinu á Stöð 2 og NFS. Ég var búin að að þrá í nokkurn tíma að breyta alveg um rythma í mínu lífi. Mig var farið að langa að breyta lífsklukkuni og þegar það gerist þá held ég að maður fari ómeðvitað að senda frá sér boð. Það er á þeim tímupunktum sem ég hef fengið þessar upphringingar.“

Eftir fimm farsæl ár sem eitt af aðal trompunum á Skjá Einum kvaddi þátturinn Fólki með Sirrý í desember síðastliðnum. Í janúarlok á þessu ári fékk Sirrý tilboð um að stýra morgunsjónvarpi Stöðvar 2 og NFS. Í kjölfarið risu upp deilur á milli 365 og Skjás Eins. „Ég var samningslaus hjá Skjá Einum frá fyrsta desember svo ég hafði allan rétt á að skipta um vinnu. Ég var byrjuð að vinna að hugmynd um síðdegissjónvarp á Skjá Einum. Samt var ég einhvern veginn ekki allsátt við þetta, mig langaði ekki að vinna alltaf svona fram á kvöld fjarri fjölskyldunni,“ segir hún. „Svo fékk ég þetta tilboð um að stjórna morgunsjónvarpinu og þar með að breyta rythmanum alveg. Ég hef þó aldrei verið neitt sérstaklega

morgunhress manneskja og kannski verð ég bara hrjótandi á skjánum þarna á morgnana,“ segir hún og hlær. Vinnudagurinn í morgunsjónvarpinu byrjar árla morguns og segist Sirrý þurfa að vakna klukkan fimm á morgnana svo hún nái að mæta klukkan sex. „Ég var að koma úr sumarfríi í Búlgaríu þar sem tímamismunurinn er þrjár tímar. Ég hugsaði með mér að breyta bara ekkert klukkunni. Ég er ennþá á búlgörskum tíma og ætla bara að halda honum,“ segir hún og bætir því við að morgunsjónvarpið leggist mjög vel í hana. „Ég verð búin að vinna um hádegi og þá ætla ég bara að að gera eitthvað skemmtilegt, mér finnst þetta alveg virkilega spennandi.“ Framundan eru breytingar á þættinum Ísland í bítið og munu áhorfendur verða varir við þær smátt og smátt. „Við Heimir Karlsson verðum tvíeyki og munum gera nokkuð stórar breytingar sem verið er að vinna að þótt þær komi ekki fram alveg strax.“

## AÐ AUSTURRÍSKRI FYRIRMYND.

Það er ekki hægt að spjalla við Sirrý án þess að spyrja hana út í nýja þáttinn hennar, Örlagadaginn sem sýndur er á Stöð 2 og NFS. Þar ræðir hún við fólk úr öllum áttum um reynsluna sem breytti lífi þeirra. „Ég var búin að vera með þessa hugmynd í kollinum í svölíttinn tíma. Ég var í Austurríki að taka viðtal við stórglæsilega listakonuna sem heitir Telma Ingvarsdóttir Herzel, hún var gestur í þættinum mínum og við höfum haldið sambandi síðan þá. Hún sagði mér frá austurrískum þáttum sem einmitt heita Örlagadagurinn. Hún var alltaf að spyrja mig af hverju ég væri ekki með slíkan þátt, svo að hún kveikti á þessu ljósi í mér,“ segir Sirrý. „Ég hef reyndar aldrei séð þann þátt en hann fjallar einmitt um örlagadag fólks þar sem eitthvað breytist verulega. Þar sem ég sá fram á að ég færi ekki í morgunsjónvarpið alveg strax þá kynnti ég þessa hugmynd og hugsaði með mér að nú væri tíminn til þess að framkvæma hana.“ Þeir viðmælendur sem þegar hafa komið fram í þættinum hafa allir haft mjög ólíka sögu að segja og komið úr mismunandi áttum. Meðal viðmælenda Sirrýjar í Örlagadeginum



eru fjölskyldufaðir, sem dag einn kom út úr skápnunum eftir langt hjónaband, og Hanna Sigurðardóttir, sem sagði frá sínum örlagadegi þegar henni var tilkynnt að sonur hennar væri grunaður um morð. „Það var svo skrítið vegna þess að hún sagði við mig að hún hefði fundið það á sér að við myndum gera þennan þátt.“ Þá vakti það einnig mikla athygli þegar Andri Snær Magnason rithöfundur var viðmælandi Sirrýar. „Bókin hans Draumalandið er svo merkileg, það ætti enginn sem vill taka þátt í Þjóðfélagssumræðunni að láta þessa bók framhjá sér fara. Ég vildi vita hvort það hefði verið einhver örlagadagur sem varð til þess að þessi ungi maður fór að hafa svona sterkar skoðanir á landinu sínu.“


#### FINNUR TIL MEÐ VIÐMÆLENDUM SÍNUM

Spjallið beinist nú aftur að viðmælendum, enda hefur Sirrý oft vakið athygli fyrir það að fjalla um erfið og viðkvæm mál sem aðrir hafa sleppt því að fjalla um. Hún játar fúslega að hún tengist viðmælendum sínum oft. „Ég finn mikið til með þeim, fyrst var ég svolítinn tíma að átta mig á því hvers vegna maður verður svona rosalega þreyttur eftir þessa vinnu, en það var bara vegna þess að maður var að einbeita sér svona mikið að þessu. Ég hef grátið með mínum viðmælendum, ég viðurkenni það. Yfirleitt vel ég þó fólk sem er búið að finna leið til þess að bæta líf sitt og er ekki lengur með sárið opið. Það er akkúrat það sem mér finnst svo áhugavert að fjalla um. Ég hef sjálf lært mjög mikið af viðmælendum mínum,“ segir hún og klárar úr kaffibollanum.

#### DANSAR TANGÓ OG FERÐAST UM HEIMINN

Að lokum vekur það áhuga blaðamanns að forvitnast örlítið um líf Sirrýar utan vinnu. Aðspurð um áhugamál segist hún æfa argentínskan tangó. „Auðvitað tekur vinnan og fjölskyldan stóran hluta lífsins og þau eru að sjálfsgöðu áhugamál, en ég hef mikinn áhuga á því að dansa og hef gert það undanfarin ár. Mér finnst einnig ótrúlega gaman að ferðast, á einu ári hef ég heimsótt margar heimsálfur, ég fór til Afríku, Kúbu, Flórída, Búlgaríu og fleiri landa. Mér finnst líka gaman að vinna í garðinum heima og að vera með mínu fólki,“ segir hún og grínast með það að það hefði hvarlað að henni að ljúga því að hún væri á fullu í fallhlífarstökki. Það er greinilega stutt í húmorinn. „Eitt mitt helsta áhugamál er ekki neitt svona ævintýralegt. Það eru bókmenntir. Ég les mikið og bækur skipta mig sífellt meira máli. Ég fer líka mikið í leikhús.“

Síðasta spurningin sem borin var upp reyndist henni einnig sú erfiðasta. Það kom nokkuð á óvart að sjá hversu flatt það kom upp á



„Ég trúi því að þegar maður er tilbúinn þá sendi maður frá sér ákveðna strauma, ég trúi því að við opnum fyrir eitthvað innra með okkur. Það er engin tilviljun að ég er að fara að stjórna morgunsjónvarpinu á Stöð 2 og NFS.“

þessa alvönu fjölmiðlakuðu að vera spurð út í fyrirmyndir sínar í lífinu. „Ég hef spurt þessarar spurningar margoft, en það er annað að þurfa að svara henni sjálf,“ segir hún létt í bragði um leið og hún leitar að svörum í hugarum. „Það er skemmtilegt að þæla í þessu og ég á ekki svar við þessu svona einn, tveir og þrír. Maður mótast auðvitað svo sterkt sem barn, ég á góða fjölskyldu sem gaf sér alltaf mikinn tíma til þess að tala við mig og segja mér sögur af fólki. Þetta er mikið bókaþöfn og þau lásu alltaf fyrir mig

og töluðu mikið við mig þegar ég var krakki, þá sérstaklega mamma og afi minn. Hann kenndi mér að hafa samúð með fólki og sagði mér frá því hvernig það var að alast upp í fátækt. Þarna var lagður grunnurinn að því að ég hef alltaf haft áhuga á fólki og hvernig það glímur við lífið og lífsins áföll,“ segir hún að lokum.

Við stöndum upp og kveðjumst enda búin að ræða saman dágóðan tíma og bæði með margt á okkar könnu, út um dyrnar á B5 gengur sjálfsörugg og hlýleg kona sem gaman er að tala við.

# Miller Music Tour: *Fljúgandi gott partí*



Í vikunni lauk mikilli veislu sem staðið hefur yfir víða um heim. Eigendur Miller vörumerkisins buðu 180 manns frá 26 löndum í fljúgandi gott partí. Miller tónlistartúrinn, eða „The Miller Music Tour“ samanstóð af einni einkaþotu, þremur borgum, fimm næturklúbbum og tíu tónleikum. Í Miller Music Tour kynntust þáttakendur túrsins lífi rokkstjórnunnar á fimm stjörnu hótelum, Hummer limmosínum og mögnuðum veitingastöðum. Sjónvarpsmaðurinn Ásgeir Kolbeins var fulltrúi Íslands í Miller þotunni og má lesa meira um ævintýri hans á [www.minnsirkus.is/miller](http://www.minnsirkus.is/miller).

Vídeóbloggið er bara byrjunin því Ásgeir tók með sér myndatökumann og tvær íslenskar þokkadísir. Til stendur að gera sjónvarpsþátt um ferðina og sýna á sjónvarpsstöðinni Sirkus.

# Sumarvínin frá Peter Lehmann

Einhver vinsælustu vín á Íslandi undanfarin ár eru frá ástralska vínhúsinu Peter Lehmann. Fjöldmörg vín frá Lehmann fást í vínbúðum. Tvö þeirra eru á kynningarverði á sumardögum í vínbúðunum sem standa til 5. ágúst, rauðvíníð Peter Lehmann GSM og hvítvíníð Peter Lehmann Barossa Semillon. Bæði þessi vín eru vel þekkt en nýverið bættist svo nýtt vín í hópinn, freyðivíníð Peter Lehmann Pinot Noir Chardonnay Cuvée. Hefur það vakið mikla athygli, er einkar höfugt vín sem er teljast verður í hópi albestu freyðivína sem komið hafa á markaðinn undanfarið. Sérstaka athygli vekur verðið á því, það kostar 1.290 kr. en er að keppa við langtum dýrari freyðivín og kampavín í gæðum.



## PETER LEHMANN GSM

Berjaríkt vín með góða mjúka fyllingu. Greina má smá mintu og dökkt súkkulaði í eftirbragði. Fjölhæft matarvín sem verður gjarnan mikið uppáhalds vín hjá fólki. Kynningarverð á sumardögum í vínbúðum 1.350 kr.




PETER LEHMANN PINOT  
NOIR CHARDONNAY CUVÉE

Fölsítrónugult. Meðalfylling, þurr og ferskt með miðlungs freyðingu, ljósum ávexti, sítrus og perum.

Verð í vínbúðum 1.290 kr.

Peter Lehmann er einn þekktasti víngerðarmaður Ástralíu og er víngerðarfyrtæki hans staðsett í Barossa dalnum í Suður-Ástralíu. Lehmann er nefndur Baróninn af Barossa og er kunnur fyrir sérstætt samband sitt við vínbændur. Lehmann starfaði áður hjá þekktu víngerðarfyrtæki og sá um innkaup á þrúgum. Eitt árið varð offramboð á þrúgum og fór fyrirtækið fram á að Lehmann gengi á bak orða sinna við bændurna og keypti ekki þrúgur. Frekar en að gera það keypti hann þrúgurnar sjálfur og stofnaði eigin víngerðarhús. Tók hann mikla áhættu við uppbyggingu hátæknivæðs víngerðarhúss og þótti því videigandi að nefna fyrirtækið eftir söguhetjunnunni Sky Masterson, fjárhættuspilaranum mikla úr bókum bandaríska smá-sagnahöfundarins Damon Runyons. Síðar var nafninu breytt í Peter Lehmann Wines en spil eru enn áberandi í skreytingu flöskumíðanna en miðarnir frá Lehmann eru auðþekkjanlegir og hefur hönnun og útlit verið margverðlaunað ekki síður en innihaldið.



PETER LEHMANN BAROSSA SEMILLON

Einkar lífandi og bjart vín, með frískandi ávöxt þar sem sítrus er nokkuð áberandi.

Mjög hreint og aðlaðandi í endann.

Kynningarverð á sumardögum í vínbúðum 1.190 kr.



## Klassík í ferðalagið

Fyrir þá sem vilja undirbúa ferðalagið vel, skipuleggja matinn og gera gott nesti, þá er hægt að mæla með að elda klassíska bolognese-kjötsósu. Ekki bara að hún sé góð, heldur má elda hana í miklu magni, frysta og grípa til rétt áður en haldið er af stað. Hún fer að sjálfsgöðu vel með pasta, og ekki síður með kartöflustöppu, grænmeti eða bara á brauð. Sósuna er auðvelt að hita upp, hvort sem er í tjaldinu eða hjólhýsinu. Þess má geta að klassísk bolognese-sósa er frábær til að bjóða upp á í matarboðum.

### FYRIR FJÓRA

400 g spagettí eða annað pasta  
200 g nautahakk  
10 beikonsneiðar, smátt skornar  
1 laukur, smátt skorinn  
2 selleristilkar, smátt skornir  
3 gulrætur, smátt skornar  
2 msk. tómatakraftur  
3 dósir niðursoðnir tómatar  
1 teningur nautakraftur  
ólífuolífa  
salt og chillípipar, í duftformi  
hnefi basilíka, söxuð  
parmesanostur

Steikið hakkið og beikonið saman á pönnu. Mýkið lauk, sellerí og gulrætur í stórum potti í smá olíu og við meðalhita þar til vel mjúkt. Hrærið tómataþúrruna saman við og hellið niðursoðnu tómötunum út í. Setjið hakkið saman við. Leysið nautakraftinn upp í örlitlu af heitu vatni og hrærið í kjötsósuna. Saltið örlítið og piprið með chillí og látið kjötsósuna malla í a.m.k. þrjátíu mínútur. Ekki er verra að hún sjóði í tvo til þrjá tíma en þá verður hún enn betri (og ekki er hún verri upphituð daginn eftir!). Hrærið basilíkuna saman við sósuna þegar um þrjátíu mínútur eru eftir af eldunartímanum. Smakkið sósuna að lokum til með salti og smá chillípipar. Berið fram með parmesanosti.



# Jean Claude Pepin og Cep Or Merlot: **Klassavín í kassa**

Framleiðandinn Jean Jean er einn elsti og fremsti framleiðandi kassavína í heiminum í dag. Fyrirtækið er rótgróið og með mjög fjölbreytt vöruúrval.




Margir leiðandi vínframleiðendur hafa leitað til fyrirtækisins í gegnum árin með það að markmiði að læra af aðferðum fyrirtækisins og í sumum tilvikum til að vera í samtarfi við framleiðslu kassavína. Jean Jean þykir ráða yfir einni fullkomustu verksmiðju í heimi en vill þó fyrst og fremst líta á sig sem framleiðanda sem ræktar sín eigin vín enda um að ræða einn stærsta framleiðanda Frakklands.

Vínframleiðandinn Jean Jean framleiðir m.a. Jean Claude Pepin rauðvín og hvítvín ásamt Cep Or Merlot. Nýverið var umbúðum þessara vinsælu vína breytt og fást vínin nú í nýjum og glæsilegum umbúðum. Vínin eru vel þekkt meðal íslenskra neytenda og hafa um árabil verið í hópi söluhæstu vína. Þau eru í hópi þeirra kassavína sem fyrst komu á héraðlandan markað og hafa ávalt haldið vinsældum sínu þrátt fyrir aukna samkeppni á hinum ört vaxandi markaði fyrir kassavín. Einkum er það að þakka því að vínin þykja sameina tvennt það sem efst er í huga neytenda, mikil gæði og hægstætt verð. Jean Claude Pepin og Cep Or Merlot eru fersk vín, bragðgóð og henta með flestum mat.

*Verð í vínbúðum:*

*Jean Claude Pepin 2.890 kr. í 3 lítra kössum og 4.790 kr. í 5 lítra kössum*

*Cep Or Merlot 3.090 kr. í 3 lítra kössum*





# SÚPERMANN



## *Vinsælasta ofurhetja allra tíma*

Texti: KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR  
Myndir: NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Á öðrum áratug síðustu aldar létu hinn upprennandi rithöfundur Jerry Siegel frá Cleveland, Ohio, og besti vinur hans, listamaðurinn Joe Shuster, sig dreyma um að koma myndasögum sínum í dagblöð eða tímarit. Þeir voru ötulir að skapa persónur og skemmtilegar myndasögur, sjálfum sér til ánægju og í skólablaðið. Árið 1933 gáfu þeir út blað sem hét Reign of the Superman, þar sem Súpermann var vondur vísindamaður sem notaði ofurheila sinn til illra verka. Í framhaldi af því fékk Jerry þá hugmynd að endurskapa Súpermann, ekki sem vonda karlinn heldur mann sem notar mátt sinn til góðra verka. Enginn útgefandi heillaðist af þessari hugmynd en þeir félagar gáfust samt ekki upp og reyndu að koma sögunni um Súpermann að sem myndasögu í dagblöðum. Eina heita sumarnótt árið 1934 fékk Jerry Siegel nokkurs konar vitrun þegar hann fékk hugmyndina að Súpermanni eins og við þekkjum hann í dag. Næsta morgun beið hann eftir vini sínum Shuster með heilmikið efni.

Siegel og Shuster reyndu hvað þeir gátu að koma Súpermanni að í dagblöðunum en enginn virti þá viðlits. Hins vegar sá M.C. Gaines (sá sem stofnaði E.C. Comics) eitthvað sem honum líkaði og mælti með sögunni við Donfield, útgefanda D.C. Comics, sem var að leita að nýjum og ferskum hugmyndum. Hann var reyndar ekkert sérstaklega hrifinn af efninu en fannst sögurnar þó litríkar, öðruvísi og uppfullar af aksjón, sem varð til þess að hann ákvað að nota þær ásamt nýju efni sem hann var að gefa út. Þeir félagar urðu að vonum mjög spenntir og breyttu sögunum sínum til að þær myndu falla betur að teiknimyndasöguforminu. Í júní 1938 kom blaðið Action Comics #1 út og kynnti heiminn fyrir Súpermanni, fyrstu hetjunni með ofurmannlega krafta.

Súpermann fór um eins og eldur í sinu og ári seinna, á meðan sagan um hann var enn að birtast í Action comics, gerði hann eitthvað sem enginn hafði gert áður og fór að birtast í eigin blaði, sem hét Superman. Þá loksins rættist draumur Siegel og Shuster og fór Súpermann






að birtast á myndasögusíðum dagblaðanna.

Í fyrstu sögunum notaði Súpermann krafta sína til að bjarga fólki frá eldsvoða, stöðva rán og annað þvíumlíkt. Það var ekki fyrr en í Apríl 1940 (Action Comics #23) sem andstæðingur hans og illmennið Lex Luthor kom inn á sjónvarsviðið. Sama ár varð Súpermann stjarnan í gifurlega vinsælum útvarpsþætti en þar komu Jimmy Olsen og kryptónít fyrst við sögu. Árið 1941 varð Súpermann loksins kvikmynda-stjarna, fyrst í teiknimyndum en svo í þáttunum Superman árið 1948 og Atom Man vs. Superman árið 1950. Súpermann vann næst hug og hjórtu bióhúsagesta árið 1978 í kvikmyndinni Superman með Christopher Reeve í aðalhlutverki, og voru nokkrar framhaldsmyndir gerðar í kjölfarið.


Í framhaldi af því fóru vinsældir Súpermanns að dala, en árið 1986 reyndi teiknimynda höfundurinn John Byrne að blása í hann lífi. Hann gaf út nokkrar teiknimyndasögur undir titlinum The Man of Steel og breytti sögu Súpermanns örlítið þannig að hann varð aftur spennandi. Hann

náði að kveikja áhuga sem náði hámarki í janúar 1993 með sögunni The Death of Superman, sem varð til þess að vinsældir Súpermanns jukust og sjónvarpsþættir, teiknimyndir, tölvuleikir, leikföng og bækur um Súpermann fóru í framleiðslu. Sjónvarpsþættirnir Lois and Clark: The New Adventures of Superman, með þeim Dean Cain og Teri Hatcher í aðalhlutverkum náðu töluverðum vinsældum og voru framleiddir allt til ársins 1997. Í nokkur ár sást ekki til Súpermanns í sjónvarpi nema í teiknimyndum. Árið 2001, hins vegar, hófst framleiðsla á sjónvarpsþáttunum Smallville sem fjalla um Súpermann á unglingsárum. Þættirnir eru enn í framleiðslu.


Nýjasta kvikmyndin sem verið er að frumsýna á Íslandi heitir Superman Returns. Eins og titill myndarinnar vísar til, þótt vinsældir Súpermanns dali, kemur hann alltaf aftur.



Fyrsta heftið af Action Comics þar sem sagan af Súpermann birtist fyrst.



Súpermann á forsíðu Time árið 1988, þegar hann varð fimmtugur.



Got milk? Súpermann í mjólkurauglýsingu með hvít mjólkurskegg.

## Skemmtilegar staðreyndir

- Jonathon, Martha og Clark Kent bjuggu á tíu ekrum bóndabæ í Smallville. Martha hafði erft bæinn eftir fyrri eiginmann sinn, þegar hann lést.
- Minnst er á Súpermann, eða hann birtist, í næstum hverjum einasta þætti af Seinfeld.
- Í svarthvítu sjónvarpsþáttunum um Súpermann var búningurinn hans brúnn.
- Clark Kent kynntist hafmeyjunni Lemaris þegar hann stundaði nám í háskólanum í Metropolis. Þau urðu ástfangin og giftu sig næstum því.
- Súpermann hreyfir höfuðið stöðugt, og svo hratt að hver mynd sem næst af honum er örlítið úr fókus. Þetta gerir hann til að koma í veg fyrir að fólk átti sig á hver hann er í raun og veru.
- Í fyrstu sögunum af Súpermann gat hann ekki flogið, aðeins stokkið mjög hátt.
- Kal-El er kryptónískt nafn Súpermanns. Foreldrar hans hétu Jor-El og Lara.
- Súpermann er 29 ára í öllum sögunum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- Leikaranum Nicholas Cage var eitt sinn boðið hlutverk Súpermanns. Hann hafnaði því.

## Buxur níunda áratugarins

Fyrir nokkru síðan fóru leggings að láta aftur á sér kræla, eftir að hafa legið í dvala í allnokkur ár. Vinsældir þeirra virðast ekki fara dvínandi og þarf ekki annað en líta til stjarnanna til að sannfærast um það. Þessar hálfkláruðu sokkabuxur eru að mörgu leyti hentugar og geta leyst ýmiss konar vandamál. Þær eru gráupplagðar við pils, kjóla eða síðar mussur og mjög svo flottar við háhælaða skó, til dæmis ef þær eru láttnar ná niður fyrir hæl svo aðeins skíni í bert

á ristinni, eða ef þær ná rétt niður fyrir hné. Þessi tíska virðist ekki einungis haldast í hendur við sumarið heldur verða leggings einnig heitar í vetur. Það mátti sjá á ýmsum sýningum vetrartískunnar, svo sem hjá Collette Dinnigan, og voru leggings buxur þá oftast en ekki paraðar saman við mínípilsin, sem einnig verða vinsæl næsta vetur.

Texti: MARÍA ÞÓRA ÞORGEIRSDÓTTIR  
Myndir: GETTYIMAGES



Á sýningu Haust- og vetrarlínu Collette Dinnigan.



Lindsay Lohan.



Rachel Weisz.



Hilary Duff.



Giselle Bündchen.



Milla Jovovich.



Sadie Frost.



Charlize Theron.



Michelle Trachtenberg.



Íslenskt  
kínakál

# Heitustu litir sumarsins!



Sautján - Kringlunni  
Verð 14.990

## Kynning



Next - Kringlunni  
Verð 6.390



Next - Kringlunni  
Kr. 4.490



Glamúr - Laugavegi 41  
Verð 6.500



Next - Kringlunni  
Verð 3.890



Kiss - Kringlunni  
Verð 6.900



Gallabuxnabúðin - Kringlunni  
verð 4.950



Sautján - Kringlunni  
Verð 5.990



Next - Kringlunni  
Verð 3.290



Kiss - Kringlunni  
Kjöll kr. 6.900  
til einnig í svörtu og hvítu



Sautján - Kringlunni  
Verð 14.990



Focus - Kringlunni  
Verð 4.990

# SKÓRNIR SEM ERU ALLTAF Í TÍSKU

Í hugum margra eru Converse skórnir hinir dægigerðu strigaskór. Þeir eru alltaf í tísku og sjá má fólk á öllum aldri klæðast slíkum fótabúnaði. Færri vita hins vegar að skórnir eiga sér tæplega hundrað ára gamla sögu sem er samofin sögu körfuboltans.

Converse strigaskórnir eru þægilegir, flottir og á einhvern hátt skemmtilega gamaldags. Ef þú færð þér göngutúr niður í bæ eða út í næstu búið rekstu ábyggilega á einn eða tvo í slíkum skóm. Nýleg könnun leiddi í ljós að sextíu prósent allra Bandaríkjamanna eiga eða hafa átt Converse strigaskó. Ef lítið er á fótabúnað Íslendinga í mannmergd er engu líkara en hlutfallið sé hið sama hér á landi, enda vilja allir eignast örlítinn hlut í ameríska draum-inum sem Converse skórnir standa svo sannarlega fyrir.

Converse fyrirtækið var stofnað árið 1908 og nokkrum árum síðar kom Converse All Star skórin fram á sjónarsviðið. Það var körfuboltaleikmaðurinn Charles H. „Chuck“ Taylor sem fyrstur fékk þar af þessum nýstárlegu körfuboltaskóm, sem síðar áttu eftir að ná gríðarlegum vinsældum. Á þessum árum var körfuboltinn ný íþrótt og Chuck Taylor var í fararbroddi þeirra sem kynntu íþróttina fyrir almenningi. Nafn hans fór fljótlega að þrýða skóna, sem enn í dag eru merktir honum.

Strigaskórnir náðu fljótt miklum vinsældum og þegar fyrst var keppt í körfubolta á Ólympíuleikunum, árið 1936, spilaði bandaríska liðið í Converse All Star skóm. Fljótlega fóru íþróttamenn í öðrum greinum að sýna skónum áhuga og Converse fyrirtækið fór að framleiða skó fyrir tennis og badminton iðkendur. Í fyrstu voru allir skórnir svartir en skömmu eftir seinni heimsstyrjöldina kom sú krafa frá körfuboltaleikmönnum að skórnir yrðu framleiddir í litum liðanna. Í dag fást Converse skórnir í óteljandi litum, háir og lágir og með alls konar skemmtilegum útfærslum. Samt eru þeir alltaf eins og þekkjast langar leiðir á hvítri gúmmítanni og stjörnunni við ökkklann.

Nú til dags dytti fæstum í hug að spila körfubolta í hinum klassísku Converse skóm. Þeir hafa unnið sér sess sem götuskrór meðan nýjar leiðir hafa verið farnar við hönnun körfuboltaskónna. Converse skórnir eru gríðarlega vinsælir og dýrir eftir því enda hafa fjölmargir skóframleiðendur séð sér leik á borði og framleitt eftirlíkingar af skónum. Það er hins vegar ekkert gaman að eiga Converse skó nema þeir séu ekta, auðvelt er að ganga úr skugga um að svo sé, kíktu bara á merkið við ökkklann og gáðu hvort nafnið hans Chuck Taylor standi ekki alveg örugglega þar.



Körfuboltaheitan Chuck Taylor átti sinn þátt í að koma körfuboltaíþróttinni á kortið, íklæddur Converse skóm.



Converse skórnir fást í öllum stærðum og gerðum.



## PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR

- GELNEGLUR
- HANDSNYRTING
- FÓTSNYRTING
- VAXMEÐFERÐIR
- ANDLITSBÖÐ
- LITUN OG PLOKKUN
- BRÚNKUMÉÐFERÐIR
- HÚÐSLÍPUN
- SÝRUMÉÐFERÐIR

S N Y R T I S T O F A N

# SALON rit2

LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

# Evíta

Full búð af fallegum vörum á betra verði.  
Gefðu heimilinu fallega gjöf



Hárþjónusta á frábæru verði, gerið svo vel að panta tíma.

**Hárgreiðsla og gjafavörur**

Starmýri 2, 108 Rvík, s. 553-1900 [www.evita.is](http://www.evita.is)



# STÓRÚTSALA

*La Guðrún*  
tískuverslun  
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

# STÓRÚTSALA

## Emilía Örlygsdóttir elur upp



### Aðskilnaðarkvíði

Í dag er ég full tilhlökkunar því ég er að fara í sumarfrí. Fríið sjálft er samt ekki það sem fyllir mig mestri tilhlökkun heldur það að á morgun hitti ég son minn aftur eftir þriggja vikna aðskilnað. Fyrir tæpum þremur vikum síðan voru foreldrar mínir sem búa norður í landi nefnilega í heimsókn hjá mér þegar þeim datt í hug að kannski væri sniðugt að þau tækju hann með sér í sveitina og væru með hann þangað til að ég kæmi heim í frí.

Fyrst fannst mér þetta alveg fráleit hugmynd. Ég gat ekki hugsað mér að senda barnið sem treystir á mig og þarf á mér að halda frá mér í heilar þrjár vikur. Á þessum fimm árum síðan Garpur fæddist hefur hann aldrei verið í burtu frá mér lengur en í þrjá daga í einu og mér hefur fundist það alveg nógu langur tími. Ég var viss um að hann myndi aldrei komast í gegnum margar vikur án mín svo ég reyndi að streitast á móti en óneitanlega var margt sem mælti með því að foreldrar mínir tækju hann með sér. Í fyrsta lagi fengi hann lengra sumarfrí og þyrfti ekki að vakna snemma á hverjum morgni þessar þrjár vikur sem hann hefði þurft að gera ef hann hefði verið hjá mér, í öðru lagi fengi hann að eyða tíma einn með afa sínum og ömmu sem vilja allt fyrir hann gera og í þriðja lagi var hann sjálfur mjög spenntur fyrir hugmyndinni og vildi alveg endilega fara.

